



Bæjarráð Hafnarfjarðar
B.t. Rósa Guðbjartsdóttir bæjarstóri
Strandgötu 5
220 Hafnarfirði

Garðabær 9. september 2021
HP, PS K-16850

Málið varðar: starfsleyfistillaga fyrir Rio Tinto á Íslandi hf. sem er í umsagnarferli.

Afrit sent á: Sigurð Haraldsson sviðsstjóra umhv. og framkvæmdasviðs

Á síðasta fundi heilbrigðisnefndar Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis sem haldinn var 30. ágúst sl. fór fram ítarleg umfjöllun um starfsleyfistillögu vegna áformaðrar endurnýjunar á starfsleyfi Rio Tinto á Íslandi hf. fyrir álverið í Straumsvík, sjá fundargerð heilbrigðisnefndar á vefslóð eftirlitsins hk@heilbrigdiseftirlit.is. Gildistími áformaðs starfsleyfis eru 16 ár. Samhliða starfsleyfinu á Umhverfisstofnun að samþykka umhverfsvöktunaráætlun fyrir álverið sem gilda á, út árið 2029. Frestur til að veita umsögn um áformað leyfi og áætlunina er til 21. september nk. (sjá heimasíðu Umhverfisstofnunar, ust@ust.is).

Nýju starfsleyfi fylgja töluverðar breytingar fyrir Hafnarfjarðarbæ. Veigamesta breytingin er niðurfelling á hugtakinu, *Þynningarsvæði*. Það er gert án skýringa og án þess að nokkuð annað taki við. Sú ákvörðun mun vera tilkomin að kröfu ráðuneytis en kallar óhjákvæmilega á skjótar aðgerðir í skipulagi af hálfu Hafnarfjarðarbæjar. Svæðið handan Reykjanesbrautar var inni á skilgreindu þynningarsvæði, en það svæði er sá hluti viðtaka þar sem þynning mengunar á sér stað og ákvæði starfsleyfis kveða á um að mengun megi vera yfir umhverfismörkum. Þá er lagt bann við því að þar færi fram matvælavinnsla, búseta var þar óheimil sem og rekstur viðkvæmrar þjónustu. Slíkar aðstæður henta mörgum öflugustu iðn- og endurvinnslufyrirtækjum landsins sem hafa komið sér þar fyrir og þeim fer fjölgandi. Þó mengunarvarnir séu viðhafðar, þá á ýmiss konar iðnaðarstarfsemi ekki heima í nábýli við svæði þar sem almenningur býr eða dvelur. Ef búseta verður á svæðinu eða sú starfsemi sem áður var bönnuð flyst inn á svæðið, er hætt á að það verði árekstrar. *Hafnarfjarðarbær þarf að ákveða og gera um það samþykktir og festa í skipulagi, að búseta verður áfram óheimil á svæðinu og sama gildi um alla matvælaframleiðslu, skólastarfsemi og þjónusta við viðkvæma einstaklinga, ef viðhalda á núverandi stefnu um þá atvinnustarfsemi sem er á svæðinu.* Í áformuðu starfsleyfi hefur einnig verið fellt út tilvísun um svæði takmarkaðrar ábygðar. Í núgildandi aðalsamningi um byggingu og rekstur álbræðslu við Straumsvík er skilgreint svæði takmarkaðrar ábygðar sem er 5 km breitt frá austri til vesturs og um 3 km í suður frá ströndinni sbr. uppdrátt II sem fylgir aðalsamningnum. Það ákvæði stendur væntanlega óbreytt þar sem það er í gildandi lögum fyrir álverið.

Umhverfsvöktunaráætlun álversins.

Heilbrigðiseftirlitið óskaði eftir því sl. sumar að fá ofangreinda vöktunaráætlun til umsagnar áður en hún færi í almennt umsagnarferli og varð Umhverfisstofnun við þeirri ósk. Í umsögn heilbrigðiseftirlits frá 28. júlí voru gerðar athugasemdir eða komið með ábendingar um ýmsa þætti. Svar Umhverfisstofnunar er dagsett 11. ágúst sl. Litlar breytingar verða frá núverandi vöktunaráætlun ef frá er talið að áformað er að bæta við annarri loftgæðamælistöð í námunda við Straum og setja veðurstöðvar á báðar mælistöðvarnar. Það er mat heilbrigðisnefndar að ýmiss rök,

s.s. byggðapróun, ný tækni og meiri þekking, standi til þess að þörf sé á meiri breytingum á áætluninni og hún þurfi að fá meiri umfjöllun en ætlað er. Verði áætlunin samþykkt samkvæmt fyrirbyggjandi tillögu mun hún gilda óbreytt til ársloka 2029.

Í mörg ár hefur heilbrigðiseftirlitið ýtt á Umhverfisstofnun að hún kom fyrir veðurstöð á loftgæðastöðina á Hvaleyrarholti. Án veðurmælinga væri alltaf einhver óvissa í túlkun mæligagna. Heilbrigðiseftirlitið hefur haft ákveðnar efasemdir um staðsetningu mælistöðvarinnar. Af skýrslum má ráða að vindar standa sjaldnast frá álverinu og að stöðinni. Nú loks er von á að veðurstöð verði komið þar fyrir. Umhverfisstofnun segir nú að ekki sé hægt að leggja mat á hvort flytja eigi stöðina fyrr en reynsla er komin af væntanlegum veðurmælingum. Óbreytt verður stöðin því á núverandi stað til ársin 2029 hið minnsta. Heilbrigðiseftirlitið og Hafnarfjarðarbær eru með mælistöð í Norðurhelli. Mælingar þar staðfesta að þungmálmur berast í óverulegum mæli í íbúabyggðina á Völlunum frá álverinu og iðnaðarhverfinu. Það hefur komið til skoðunar að flytja stöðina eða tæki úr henni til að vakta umferðarmengun í bænum og þá einkum í tengslum við Reykjanesbrautina. Heilbrigðiseftirlitið telur að ekki sé hægt að flytja stöðina eða mælitækin fyrr en óvissunni um stöðina á Hvaleyrarholti hefur verið eytt. Heilbrigðisnefnd mun því leggja til við Hafnarfjarðarbæ að keypt verði færanleg mælistöð til að vakta álag frá umferð.

Á fundi heilbrigðisnefndar þann 30. ágúst sl. voru samþykktar þrjár bókanir er vörðuð starfsleyfismál álversins. Samþykkt er varðar umhverfisvöktunaráætlunina hljóðar svo:

„ Heilbrigðisnefnd telur að ýmislegt í umhverfisvöktunaráætlun álversins lýsi miklum og góðum metnaði. Þó þurfi áætlunin að taka meiri breytingum frá fyrri áætlun. Í ljósi væntanlegrar byggðapróunar og þess að ákvæði um þynningarsvæði hefur verið fellt út, að fyrirtækið hafi heimild Umhverfisstofnunar að tvöfalda framleiðsluna og að umhverfisvöktunaráætlunin á að gilda óbreytt til ársins 2029 kallar á að ákvæði sé um endurskoðun áætlunarinnar. Felur nefndin framkvæmdastjóra að koma á framfæri ábendingum þessa efnis. Setja þarf inn tímasett endurskoðunarákvæði í áætlunina. Að eigi síðar en t.d. 1. október 2023 þurfi að liggja fyrir faglegt mat á staðsetningu loftgæðastöðvar á Hvaleyrarholti og á sama tíma þarf að liggja fyrir ítarleg endurskoðun á gróðurvöktun og á bakgrunnsvöktun. Þá óskar heilbrigðisnefnd eftir því að niðurstöðurnar verði sendar nefndinni til skoðunar og umsagnar. Þá þarf að leggja fram raunhæft mat á þörf vöktunar á Garðaholti “.

Heilbrigðisnefnd telur að vöktunaráætlunin sé góður grunnur en hana þurfi að endurskoða. Því leggur nefndin að Umhverfisstofnun að samþykkja áætlunina til tveggja ára en að hún komi til ítarlegri skoðunar á þeim tíma. Hvetur nefndin Hafnarfjarðarbæ til að setja inn hliðstæða grein í sína umsögn.

f.h. Heilbrigðisnefndar Hafnarfjarðar og Kópavogs.



Hörður Þorsteinsson

framkvæmdastjóri